

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

Samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, er taki gildi 1. apríl 1996.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 36 14. janúar 1994:

Gjaldskráin hækkar að jafnaði um 3% og kemur hækkunin jafnt á alla taxta. Tekið er upp fastagjald F3 13.294 kr/ár á C.2/D.2 næturhitun.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. mars 1996.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarmann.

25. mars 1996

Nr. 183

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits og vinnslu starfsleyfa og vegna þjónustu á sviði mengunarvarna.

1. gr.

*Gjöld fyrir vinnslu starfsleyfa og mengunareftirlit
með starfsleyfisskyldri starfsemi.*

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld vegna vinnslu starfsleyfa og eftirlits með starfsleyfisskyldri starfsemi samkvæmt viðauka 7 í reglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, í samræmi við gjaldskrá þessa.

Aðvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 í reglugerð nr. 48/1994 skal greiða gjald fyrir vinnslu starfsleyfis, samkvæmt 8. kafla reglugerðarinnar, við veitingu þess og árlegt gjald vegna eftirlits samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar sem hér segir:

	Starfsleyfisvinnsla	Eftirlit
1. flokkur	kr. 490.000	kr. 245.000
2. flokkur	kr. 87.000	kr. 61.000
3. flokkur	kr. 46.000	kr. 26.000
4. flokkur	kr. 15.500	kr. 10.500
5. flokkur	kr. 15.500	kr. 10.500

Þegar unnið er starfsleyfi fyrir ólíka þætti í starfsemi sama fyrirtækis, er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir hvern þátt.

2. gr.

Úttekt vegna starfsleyfisvinnslu.

Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið skorti er heimilt að setja sem skilyrði að fram fari úttekt, þ.e.a.s. athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda, samkvæmt 3. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 48/1994.

Taki Hollustuvernd ríkisins þátt í að undirbúa, framkvæma eða hafa eftirlit með úttekt, það er athugunum, mælingum eða rannsóknum samkvæmt þessari grein, skal umsækjandi greiða stofnuninni samkvæmt gjaldskrá nr. 564/1994.